

# Austfirskt mál og málnotkun

Málþing í minningu Stefáns Einarssonar prófessors.

Málþing í minningu Stefáns Einarssonar prófessors var haldið laugardaginn 8. júní síðastliðinn. Breiddalssetur stóð að málþinginu í samvinnu við Hugvísindasvið H.Í. og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Auk þess fékk málþingið styrk úr Háskólasjóði. Ýmsir aðilar, kennarar, fræðimenn og doktorsnemar, úr Háskóla Íslands og stofnunum tengdum honum fluttu erindi sem á einn eða annan hátt snertu ýmist Stefán Einarsson eða austfirskt mál. Erindin voru öll hvert öðru áhugaverðara og var ráðstefnan vel sótt þótt sólin skini á Austfirðinga þennan dag sem svo marga aðra daga nú í júnímánuði.

Vésteinn Ólason, formaður stjórnar Breiddalsseturs, stjórnaði málþinginu og sagði í upphafi nokkur orð um Stefán Einarsson. Stefán fæddist í Breiddal, lagði stund á nám í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands og lauk þaðan M.A. prófi. Hann lauk doktorsprófi frá Oslóarháskóla en bjó og starfaði eftir það í Bandaríkjunum. Hann skrifaði mikið um íslenskt mál og bókmenntir bæði á íslensku og ensku.

Fyrsta erindið flutti Aðalsteinn Hákonarson, doktorsnemi í íslensku málfraði, og nefndist það Hvernig vann hljóðfræðingurinn Stefán Einarsson. Aðalsteinn talaði fyrst almennt um hljóðfræði og hvernig það væru yfirleitt málfraeðingar

sem fengjust við eyrnahljóðfræði og náttúruvísindamenn sem fengjust við tilraunahljóðfræði. Hann lýsti því hvernig Stefán Einarsson hefði stigið sín fyrstu skref innan klassískrar eyrnahljóðfræði en svo fært sig yfir í tilraunahljóðfræði og væru bylgjuritin í doktorsritgerð Stefáns allrar athygli verðar þótt ekki væri nema til að skoða þær breytingar sem hefðu orðið á tækjabúnaði og hljóðfræðirannsóknum frá því að Stefán lauk doktorsprófi árið 1927.

Því næst flutti Svavar Sigmundsson, fyrrverandi forstöðumaður Örnefnastofnunar, erindi um austfirskt örnefni sem væru að mestu eða öllu leyti bundin Austurlandi. Stefán Einarsson fór tvö sumur um S-Múlasýslu annars vegar og N-Múlasýslu og A-Skaftafellssýslu hins vegar og safnaði örnefnum. Örnefnið sem Svavar nefndi voru m.a. hult, blá, mell, gjót, slenja og heppa.

Þriðja erindið flutti Gunnlaugur Ingólfsson sem lengi hefur starfað hjá Orðabók Háskólans. Erindi hans bar heitið Áttatáknarir í Múlaþingi og fjallaði um það hvernig áttatáknarir Íslendinga væru oft á skjön við hinar víðurkenndu höfuðáttir. Hann nefndi dæmi frá ýmsum stöðum á Íslandi áður en hann sneri sér að Austurlandi og benti meðal annars á að á Vestfirðum væru vestur og norður sums staðar gagnstæðar áttir.



Margrét Jónsdóttir

Í máli hans um Austurland kom fram að á sunnanverðum Austfirðum væru suður og austur gagnstæðar áttir en á Héraði og Jökuldal væru það áttirnar norður og austur. Mjög líflegar og skemmtilegar umræður voru að loknu erindi Gunnlaugs því ýmsir gátu lagt orð í belg og sagt frá því hvernig áttum væri háttáð í þeirra heimabyggð.

Sá fjórði í röðinni var Kristján Árnason prófessor og fjallaði hann um hvort réttlætlegt væri að tala um austfirsku sem sérstakt málbrigði, sérstaka mállýsku í erindi sínu Um austfirsku – almennt um mállýskur. Kristján sagði að almennt væri sagt að engar mállýskur væru á Íslandi eins og til dæmis í Noregi og Svíþjóð. Aðalástæðan er talin vera sú að á Íslandi var til ritmálsstaðall sem allir Íslendingar þekktu. Þó er dálítill munur á framburði Íslendinga eftir því hvaðan þeir koma. Að sögn Kristjáns hefðu menn, bæði fyrr og síðar, tekið eftir framburðarmun og nefndi hann að Eggert Ólafsson hefði til dæmis skráð að Austfirðingar hefðu einhvern syngjanda sem minnti á norsku. Einnig þekktu margir austfirska einhljóðaframburðinn sem birtist í orðum á borð við logi og bogi. Kristján nefndi að Stefán Einarsson hefði skrifað nokkrar greinar um

íslenskan framburð, t.d. greinina Um mál á Fljótsdalshéraði og Austfirðum í Skírni árið 1932.

Næst tók Margrét Jónsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, til máls. Í erindi sínu Er þetta austfirski? Austfirskt mál og málnotkun með hliðsjón af rannsóknum Stefáns Einarssonar nefndi Margrét orð og orðasambönd sem hún var vön úr æsku sinni á Norðfirði og hvernig hún hefði oft lent í því að fólk fyrir sunnan hefði ýmist talið að hún færi með rangt mál eða ekki skilið hvað hún ætti við þegar hún notaði orð sem væru algeng fyrir austan. Þetta væru orð eins og fyrirdiskur og orðasambönd eins og mér er áfram um e-ð eða að gera e-ð fyrir hálf orð. Fleiri orð og orðasambönd nefndi Margrét en verða þau ekki nefnd hér.

Gamlar og nýjar athuganir á orðaforða á austanverðu landinu nefndist erindi Guðrúnar Kvaran, prófessors á orðfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Hún nefndi nokkra aðila sem rannsakað hafa íslenskt mál í gegnum tíðina og nefndi þar fyrstan Rasmus Christian Rask sem hefði ferðast um Ísland árin 1814 og 1815 og skrifað hjá sér ýmis orð og beygingareinkenni sem honum þóttu sérkennileg. Ennfremur

að Björn M. Ólsen hefði ferðast um Ísland og skrifað athugasemdir sínar niður í vasabækur. Guðrún kom einnig inn á að talmálssafn Orðabókar Háskólans væri geysistört að vöxtum og því lengur sem drægist að vinna úr þeim gögnum sem þar væri að finna því meira myndi glatast.

Að lokum tók Ragnar Ingi Aðalsteinsson til máls en Vésteinn Ólason sagði að hann hefði verið hafður síðastur á mælendaskrá af ásettu ráði þar sem líklegt væri að margir Austfirðingar myndu sitja málþingið allt til enda til þess eins að hlýða á hann. Erindi Ragnars Inga nefndist Fáein orð um flámæli og aðra valkosti í framburði og birti hann fyrst vísur um hin ýmsu framburðareinkenni en sneri sér svo að vísu þar sem flámæli birtist. Hann benti á að flámælið væri stundum notað til að ná réttu rími en stundum væri það vegna þess að höfundarnir væru flámæltir og vissu ekki betur.

Málþingið í Breiddalssetri var mjög áhugavert og var virkilega skemmtilegt að hlýða á svo marga fræðimenn frá Háskóla Íslands flytja erindi hér á Austurlandi. Vonandi verður þess ekki langt að biða að aftur verði efnt til slíks málþings.

HT



Aðalsteinn Hákonarson



Landsvirkjun

## Áttu leið um Fljótsdal?

Ef þú átt leið um Fljótsdal í sumar er upplagt að koma við í gestastofunni í Végarði og kynna Fljótsdalsstöð, stærstu vatnsaflsstöð landsins. Þar er heitt á könnunni alla daga í sumar og boðið upp á leiðsögn við Kárahnjúkastíflu og Hálslón, vatnsmesta lón landsins.

Gestastofur Landsvirkjunar eru opnar 10–17 alla daga í allt sumar:

### Búrfellsstöð

Gagnvirk orkusýning og vindmyllur á Hafinu

### Kröflustöð

Jarðvarmasýning í gestastofu

### Fljótsdalsstöð

Gestastofa í Végarði og leiðsögn um Kárahnjúka

Nánari upplýsingar á

[www.landsvirkjun.is/heimsoknir](http://www.landsvirkjun.is/heimsoknir)